



Grunnskóli Reyðarfjarðar
Heiðarvegi 14a
730 Fjarðabyggð
Sími 470-9200

Hönnun og smíði á unglíngastigi vorið 2024

Helstu áherslur (viðfangsefni) og námsefni

Bekkur: 8. - 10. bekkur

Námsgrein: Valgrein í hönnun og smíði.

Kennari: Guðný Helga Grímsdóttir

Hæfniviðmið:

- Getur unnið með öðrum og sýnir jákvæðni í samskiptum
- Kemur fram við aðra af virðingu og kurteisni
- Vinnur vel og fer eftir fyrirmælum.

8. bekkur

- Getur beitt fjölbreyttum aðgerðum og áhöldum smíðagreinarinnar til sjálfstæðar sköpunar, hönnunar og persónulegra útfærsla.
- Beitir viðeigandi vinnustellingum og notar réttan hlífðarbúnað ásamt rétttri og ábyrgri notkun áhalda og véla.
- Sýnir vönduð vinnubrögð og frumkvæði og vinnur eftir verkferli frá hugmynd til afurðar
- Sýnir góða umgengni og fer eftir reglum sem gilda í smíðastofunni
- Getur unnið sjálfstætt og tjáð sig um verkefni sín og notað hugtök sem tengjast viðfangsefninu.

9. - 10. bekkur

- Getur valið aðferðir, efni og verkfæri
- Getur útskýrt hugmyndir sínar með fríhendis- og grunnteikningu
- Sýnir sjálfstæði við sköpun, hönnun og útfærslu verkefna.
- Beitir viðeigandi líkamsstillingum við vinnuna og notar hlífðarbúnað á réttan hátt ásamt rétttri og ábyrgri beitingu áhalda og véla.
- Getur unnið eftir verkferli frá hugmynd til afurðar á sjálfstæði og tjáð sig um verkefni sín og notað hugtök sem tengjast verkefnum.
- Sýnir góða umgengni og fer eftir reglum sem gilda í smíðastofunni.

Einnig er metið alla bekkina út frá Verkgreinar matsviðmið 8.-10. bekkur, matsviðmið nr. 1, 2, 3, 4, 5 og 6.

Verkefni sem nemendur vinna til að öðlast hæfninni:

Tálgunarverkefni: nemendur læra undirstöðu tálgunar. Nemendur læra að fara með hnífinn, beita honum á mismunandi hátt og búa til hlut úr ferskum efnivið. Nemendur velja sjálf og hanna verkefni sem þau skapa úr ferskum við.

Samantekt kennara:

Byrjað er valið á að kenna nemendum á öryggi verkfæra og umgengni á stofu. Allir vinna saman í byrjun nokkrar mismunandi leiðir til að tálga. Síðan velja nemendur sér hlut til að búa til úr ferskum við.

Kennslufyrirkomulag:

Blandaður hópur nemenda í 8. - 10. bekk. Lögð er áhersla á hjálpssemi, sér í lagi að eldri hjálpi yngri nemendur.